

AUGLÝSING

um samkomulag um innheimtu og yfirfærslu skatta, sbr. 20. grein í samningi milli Norðurlanda um aðstoð í skattamálum frá 7. desember 1989.

Til að framfylgja samningi Norðurlandanna um aðstoð í skattamálum frá 7. desember 1989 hefur eftirfarandi samkomulag verið gert milli bærra stjórnvalda í Danmörku, Færeyjum, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð, samkvæmt 20. gr. nefnds samnings:

I. UPPHAFSÁKVÆÐI

1. gr.

Skattar sem samkomulagið tekur til.

Samkomulag þetta tekur til skatta af tekjum sem samningur milli Norðurlandanna til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir (hér eftir kallaður „tvísköttunarsamningurinn“) tekur til.

2. gr.

Skilgreiningar.

1. Við beitingu þessa samkomulags merkja neðangreind hugtök eftirfarandi, nema annað leiði af samhenginu:
 - a) „eftirlaun“ merkir greiðslur samkvæmt ákvæðum 18. greinar tvísköttunarsamningsins frá 1996 eða samsvarandi grein í öðrum tvísköttunarsamningi samkvæmt 1. grein;
 - b) „skattur“ merkir endanlega álagningu eða staðgreiðsluskatt, sem greiddur er og kemur til frádráttar við endanlega álagningu. Ef aðeins er átt við endanlega álagningu eða staðgreiðsluskatt eru hugtökin „endanleg álagning“ og „staðgreiðsluskattur“ notuð þar sem staðgreiðsla skatta á launatekjur og eftirlaun eru lögð að jöfnu við „endanlega álagningu“ og „staðgreiðsluskatt“;
 - c) „heimilisfestisríki“ merkir það samningsríki, þar sem aðili er heimilisfastur;
 - d) „atvinnuríki“ merkir samningsríki, annað en heimilisfestisríki, þar sem aðili innir af hendi starf, sem samkomulag þetta nær til;
 - e) „umsóknarríki“ merkir samningsríki, sem ber fram beiðni til annars samningsríkis um skattayfirfærslu;
 - f) „beiðniríki“ merkir samningsríki, sem fær beiðni frá öðru samningsríki um skattayfirfærslu.
2. Að staðgreiðsluskattur sé greiddur merkir í samkomulagi þessu að skatturinn sé innborgaður eða að hann hafi verið dreginn frá launum eða eftirlaunum launþega og haldið eftir.

Þetta á einnig við í þeim tilvikum er skattinum hefur verið haldið eftir og hann færður til bókar hjá skattskyldum aðila, en ekki greiddur inn til skattýfirvalda í beiðniríki.
3. Önnur hugtök, sem notuð eru í samkomulagi þessu og einnig koma fyrir í tvísköttunarsamningnum, skulu hafa þá merkingu, sem þau hafa í þeim samningi.
4. Við framkvæmd samningsríkis á þessu samkomulagi á hverjum tíma skal, nema annað leiði af samhenginu, sérhvert hugtak sem ekki er skilgreint í 1.–3. mgr. hafa þá merkingu sem hugtakið hefur á þeim tíma samkvæmt lögum viðkomandi ríkis að því er varðar þá skatta sem samkomulagið tekur til. Sú merking sem hugtakið hefur samkvæmt viðeigandi skattalögum þess ríkis skal ganga framar þeirri merkingu sem hugtakið hefur samkvæmt öðrum lögum þess ríkis.

II. INNHEIMTA SKATTS AF LAUNATEKJUM

3. gr.

Ríki þar sem krefjast má staðgreiðsluskatta.

1. Þegar aðili heimilisfastur í einu samningsríkjanna þiggur laun fyrir starf, sem innt er af hendi í öðru samningsríki, og heimilisfestisríkið telur að starfið, í eitt eða fleiri skipti, muni á tólf mánaða tímabili samtals ekki vara lengur en 183 daga og launin eru greidd af eða fyrir hönd vinnuveitanda sem heimilisfastur er í síðarnefnda ríkinu, skal staðgreiðsluskattur greiðast til heimilisfestisríkis. Skattyfirvöld í atvinnuríki skulu í því tilviki ekki krefjast staðgreiðsluskatts ef sýnt er með skriflegri tilkynningu frá skattyfirvöldum í heimilisfestisríki að frádráttur vegna staðgreiðsluskatts eigi sér þar stað. Ef atvinnuríkið viðurkennir álit heimilisfestisríkis samkvæmt fyrsta málslið getur atvinnuríkið látið hjá líða að krefjast staðgreiðsluskatts, þó svo að tilkynning samkvæmt öðrum málslið hafi ekki verið send. Ef frádráttur vegna staðgreiðsluskatts á sér ekki lengur stað í heimilisfestisríki, skulu skattyfirvöld þar upplýsa skattyfirvöld í atvinnuríki um það strax og þau fá vitneskju þar um.
2. Ákvæðum 1. mgr. skal ekki beitt ef skattyfirvöld í heimilisfestisríki telja að launagreiðslur eigi með réttu að gjaldfærast hjá fastri atvinnustöð eða fastri starfsstöð í atvinnuríki. Sé frádrætti staðgreiðsluskatts hætt vegna þessa í heimilisfestisríki, skulu skattyfirvöld þar strax tilkynna það til skattyfirvalda í atvinnuríki.
3. Komi fram í upplýsingum frá vinnuveitanda eða á annan hátt, að ekki séu lengur forsendur fyrir frádrætti vegna skatts í heimilisfestisríki samkvæmt 1. mgr. eða að slíkur frádráttur eigi sér ekki stað, getur atvinnuríkið krafist staðgreiðsluskatts. Áður en slíkur frádráttur er gerður skulu skattyfirvöld í atvinnuríki tilkynna skattyfirvöldum í heimilisfestisríki um breyttar aðstæður og að slíks skatts verði krafist í atvinnuríkinu.

4. gr.

Kröfur um staðgreiðsluskatt í atvinnuríki.

1. Þegar laun skulu skattlögð í atvinnuríki samkvæmt ákvæðum 7. mgr. 21. greinar tvísköttunarsamningsins frá 1996 eða samsvarandi ákvæðum í öðrum tvísköttunarsamningi samkvæmt 1. grein, getur það ríki krafist staðgreiðsluskatts. Hið sama gildir þegar laun sem getið er um í 1. mgr. 3. greinar eru greidd af eða fyrir hönd vinnuveitanda sem hvorki er heimilisfastur í atvinnuríkinu né í heimilisfestisríki launþega.
2. Telji skattyfirvöld í atvinnuríki að staðgreiðsluskattur greiðist eða muni greiðast í atvinnuríkinu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skulu þau yfirvöld tilkynna skattyfirvöldum í heimilisfestisríki launþega að svo sé. Þegar síðarnefnd skattyfirvöld hafa fengið slíka tilkynningu skal staðgreiðsluskatts ekki lengur krafist í heimilisfestisríki launþega.

5. gr.

Útleiga á vinnuafli.

1. Telji skattyfirvöld í atvinnuríki að um útleigu á vinnuafli sé að ræða getur það haldið eftir staðgreiðsluskatti þar. Launþegi, samkvæmt 1. mgr. 3. greinar, telst leigður út ef einhver aðili (útleigjandi) ráðstafar honum til vinnu í starfsemi annars aðila (verkkaupa) í atvinnuríkinu, svo fremi sem verkkaupi er heimilisfastur eða hefur fasta atvinnustöð í atvinnuríkinu og útleigjandi er hvorki ábyrgur fyrir né ber áhættu af árangri vinnunnar.
2. Við ákvörðun á því, hvort launþegi skuli talinn leigður út, skal gert heildarmat og sérstaklega höfð hliðsjón af því hvort:
 - a) heildarverkstjórn sé í höndum verkkaupanda;
 - b) vinna sé innt af hendi á vinnustað, sem verkkaupandi hefur til umráða og ber ábyrgð á;
 - c) greiðsla til útleigjanda reiknast út eftir nýttum starfstíma eða út frá öðrum tengslum milli greiðslunnar og þeirra launa sem launþeginn fær;

- d) verkkaupandi leggi til megnið af verkfærum og efni; og
 - e) útleigjandi ákveði ekki einhliða fjölda launþega og hvaða hæfniskröfur skulu gerðar til þeirra.
3. Skattifyrvöld í atvinnuríki skulu tilkynna skattifyrvöldum í heimilisfestisríki um að staðgreiðsluskattur greiðist í atvinnuríki. Hafi slík tilkynning borist skal heimilisfestisríki ekki krefjast staðgreiðsluskatts af laununum.

6. gr.

Gagnkvæmt samkomulag vegna ágreinings um innheimtu staðgreiðsluskatts.

1. Ef skattifyrvöld samningsríkis, sem samkvæmt undanfarandi ákvæðum eiga að láta hjá líða að krefjast staðgreiðsluskatts, samþykkja ekki ákvörðun skattifyrvalda annars samningsríkis skal málið leyst með gagnkvæmu samkomulagi milli bærra stjórnvalda þessara samningsríkja.
2. Komist bær stjórnvöld ekki að samkomulagi um annað skal, þar til málið leysist, ekki krafist skatts í:
 - a) atvinnuríki, ef málið skal leyst samkvæmt ákvæðum 3. greinar;
 - b) heimilisfestisríki, ef málið skal leyst samkvæmt ákvæðum 4. eða 5. greinar.

7. gr.

Landamærafarar.

Ef tvísköttunarsamningurinn eða sérstakt samkomulag milli samningsríkjanna inniheldur ákvæði um skattlagningu tekna sem svonefndir landamærafarar með heimilisfesti í einu samningsríki þiggja fyrir persónulegt starf sem innt er af hendi í öðru samningsríki, skal ákvæðum 3.-6. greinar ekki beitt hvað varðar slíkar tekjur.

III. YFIRFÆRSLA Á TEKJUSKATTI

8. gr.

Almennt um yfirfærslu skatta.

Hafi skattur vegna vinnulauna, eftirlauna eða tekna af sjálfstæðri starfsemi verið greiddur í samningsríki má, samkvæmt beiðni bærs stjórnvalds í öðru samningsríki, yfirfæra þennan greidda skatt til síðarnefnda ríkisins og bókfæra hann þar á skattskyldan aðila sem skatt af slíkum tekjum.

9. gr.

Beiðni um yfirfærslu skatta vegna vinnulauna eða eftirlauna á staðgreiðslustigi.

1. Hafi staðgreiðsluskattur verið greiddur vegna vinnulauna eða eftirlauna í öðru samningsríki en því, sem samkvæmt tvísköttunarsamningnum á rétt á endanlegri álagningu, skal eftir beiðni síðarnefnda ríkisins yfirfæra skattinn til þess ríkis.
2. Beiðni samkvæmt 1. mgr. skal hafa borist bæru stjórnvaldi, í Danmörku og Færeyjum í síðasta lagi 1. febrúar, í Noregi í síðasta lagi 1. apríl, í Finnlandi, Íslandi og Svíþjóð í síðasta lagi 31. maí árið eftir tekjuárið.
3. Ekki skal yfirfæra hærri fjárhæð en þá sem með tilliti til tekna skattskylds aðila hefði átt að greiða sem staðgreiðslu vinnulauna og eftirlauna samkvæmt löggjöf umsóknarríkisins. Ekki skal heldur yfirfæra hærri fjárhæð en greidd hefur verið sem staðgreiðsluskattur vinnulauna eða eftirlauna í beiðniríki. Séu vinnulaun eða eftirlaun undanskilin skattlagningu í beiðniríki hindrar það ekki yfirfærslu á staðgreiðsluskatti, eins og vitað var á innheimtutíma að hefði átt að greiða í síðarnefnda ríkinu.

10. gr.

Beiðni um yfirfærslu skatta innan þriggja ára frá lokum tekjuárs.

1. Komi beiðni um yfirfærslu skatta innan þriggja ára frá lokum tekjuárs, skal með þeim takmörkunum sem leiða af 2. mgr., yfirfæra skatt sem greiddur hefur verið vegna tekna í beiðniríki til þess ríkis sem hefur forgangsrétt á að skattleggja tekjurnar samkvæmt tvísköttunarsamningnum. Þetta gildir aðeins komi beiðni um yfirfærslu skatta vegna vinnulauna eða eftirlauna eftir þann tíma sem nefndur er í 9. grein, en innan þriggja ára frá lokum tekjuársins.
2. Beiðniríki getur takmarkað yfirfærsluna við þá fjárhæð sem greiddur skattur í því ríki er hærrí en sem nemur þeim skattkröfum tekjuársins sem eftir eru þegar tekjur hafa verið undanskildar skattlagningu eða sem frádráttur hefur verið leyfður fyrir við endanlega skatta á tekjur í umsóknarríkinu. Frádráttarfjárhæðin takmarkast þó við þann hluta tekju-skatts (reiknaðs án frádráttar) í beiðniríki, sem lagður er á þær tekjur sem má skattleggja í umsóknarríkinu.

11. gr.

Beiðni um yfirfærslu skatta að þremur árum liðnum frá lokum tekjuárs.

Komi beiðni um yfirfærslu skatta að þremur árum liðnum frá lokum tekjuárs getur yfirfærsla átt sér stað samkvæmt ákvæðum 10. greinar. Yfirfærslufjárhæðin má þó í slíku tilfalli einnig takmarkast með tilliti til annarra krafna sem beiðniríkið hefur lagt fram vegna slíkra skatta og gjalda sem ekki eru álögð á tekjuárinu. Þessi réttur til skuldajöfnunar takmarkast ekki við þá skatta og gjöld sem sanmingurinn milli Norðurlandanna um aðstoð í skattamálum frá 7. desember 1989 tekur til. Beiðniríki er þess í stað heimilt samkvæmt eigin löggjöf að nota skattfjárhæðina til skuldajöfnunar séu á þeim tíma fyrirbyggjandi kröfur á skattskyldan aðila.

12. gr.

Endurgreiðsla.

1. Hafi staðgreiðsluskattur verið greiddur af sömu tekjum í fleiri samningsríkjum skal það ríki endurgreiða hann, sem samkvæmt ákvæðum 6. greinar á ekki að innheimta skatt.
2. Komi upp mál í samningsríki um endurgreiðslu skatts og annað samningsríki gerir kröfu til skattsins, skal endurgreiðslu frestað meðan beðið er eftir að síðarnefnda ríkið leggi fram beiðni um yfirfærslu á skattinum innan þess tíma sem kveðið er á um í 2. mgr. 9. greinar. Ef skattskyldur aðili fer sjálfur fram á endurgreiðslu skatts skal 3. mgr. beitt.
3. Eigi að endurgreiða ofgreiddan skatt í samningsríki vegna tekna sem aflað er í öðru samningsríki og hafi síðarnefnda ríkið ekki lagt fram beiðni um yfirfærslu skatta, skal því ríki tilkynnt um það áður en endurgreiðsla á sér stað. Hafi fyrrnefnda ríkið ekki móttakið slíka kröfu um yfirfærslu innan 30 daga frá því tilkynning var send, getur endurgreiðsla átt sér stað.

13. gr.

Vextir.

Beiðniríki er ekki skylt að greiða vexti á þær skattfjárhæðir, sem eru yfirfærðar samkvæmt 8.-10. grein. Umsóknarríki getur ekki heldur krafist vaxta á slíkar skattfjárhæðir.

IV. ÖNNUR ÁKVÆÐI

14. gr.

Tilkynningar og beiðnir.

1. Tilkynning samkvæmt 3.-6. grein skal innihalda upplýsingar um:
 - a) nafn launþega, fæðingardag og ár (kennitölu), heimilisfang og skattlagningarstað í báðum ríkjum;

- b) nafn vinnuveitanda og heimilisfang í báðum ríkjum; og
- c) tímabil, sem staðgreiðsluskattur hefur verið greiddur.

Telji skattyfirvöld veittar upplýsingar ekki fullnægjandi til að grundvalla megi á þeim úrskurð um að frádráttur vegna staðgreiðsluskatts skuli ekki eiga sér stað skal skattyfirvöldum hins ríkisins tilkynnt um það þegar í stað.

2. Tilkynningar samkvæmt 3. mgr. 12. greinar skulu innihalda upplýsingar um:
 - a) nafn skattskylds aðila, fæðingardag og ár (kennitölu) og heimilisfang í báðum ríkjunum;
 - b) tekjur og tekjutímabil sem endurgreiðslan nær yfir, ennfremur hvort um er að ræða vinnulaun eða eftirlaun;
 - c) nafn vinnuveitanda/launagreiðanda og heimilisfang í báðum ríkjum ef kostur er; og
 - d) hjúskaparstétt skattskylds aðila.
3. Beiðni um yfirfærslu skatta samkvæmt 9.–11. grein skal innihalda upplýsingar um:
 - a) nafn skattskylds aðila, fæðingardag og ár (kennitölu) og heimilisfang í beiðniríki;
 - b) tekjur og tekjutímabil sem staðgreiðsluskatturinn nær til;
 - c) fjárhæð sem á að yfirfæra, ennfremur hvort um er að ræða vinnulaun eða eftirlaun; og
 - d) nafn vinnuveitanda/launagreiðanda og heimilisfang í báðum ríkjum ef kostur er.
4. Tilkynningar skulu ennfremur, svo sem kostur er, innihalda kennitölu launþega í báðum ríkjum svo og kennitölu vinnuveitanda í báðum ríkjum.
5. Tilkynningar og beiðnir samkvæmt þessum samningi sendast gegnum bært stjórnvald.

15. gr.

Nánari framkvæmd.

Bær stjórnvöld geta komið sér saman um nánari beitingu ákvæða samkomulags þessa.

16. gr.

Gildistaka.

Samkomulag þetta öðlast gildi þann 1. janúar 1998. Með samkomulagi þessu fellur úr gildi samkomulag frá 19. júní 1991, um innheimtu og yfirfærslu skatta.

Eftir að samkomulag þetta öðlast gildi, tekur það til erinda sem berast bæru stjórnvaldi í beiðniríki eftir gildistöku.

Samkomulag þetta er gert í sjö eintökum, á dönsku, færeysku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, á sænsku gilda tveir textar, einn fyrir Finnland og einn fyrir Svíþjóð, og skulu allir textar jafngildir.

Kangerlussuaq hinn 30. júní 1997.

Fyrir Danmörk: Ivar Nordland
 Fyrir Færeyjar: Peter A. Lamhauge
 Fyrir Finnland: Hillel Skurnik
 Fyrir Ísland: Garðar Valdimarsson
 Fyrir Noreg: Odd Hengsle
 Fyrir Svíþjóð: Kerstin Bostrøm

Framangreint sendist hér með öllum hlutaðeigandi til upplýsingar og eftirbreytni.

Fjármálaráðuneytinu, 12. nóvember 1997.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Lísa Yoder.